

## Svar

### dómsmálaráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Víglundssyni um kirkjujarðasamkomulagið frá 1997/98.

1. Hver hafa verið heildarútgjöld ríkissjóðs á verðlagi ársins 2017 vegna kirkjujarðasamkomulagsins frá 1997/98? Svar óskast sundurliðað eftir árum og einstökum liðum samkomulagsins.

Samkvæmt samkomulagi ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar er annars vegar um að ræða greiðslur til biskupsstofu og hins vegar greiðslur til Kristnisjóðs og eru þessar fjárhæðir aðgreindar.<sup>1</sup> Heildarframlögin á tímabilinu 1998–2017 eru orðin rúmlega 39 milljarðar kr. á uppreiknuðu verðlagi miðað við árið 2017.

Hér á eftir fer tafla sem sýnir framlög samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu vegna tímaþilsins 1998–2017. Fyrri hluti töflunnar sýnir framlögin á verðlagi hvers árs en seinni hlutinn á verðlagi ársins 2017.

**Tafla.** Framlög úr ríkissjóði samkvæmt kirkjujarðasamkomulagi á árunum 1998–2017 (árin 1998–2016 samkvæmt ríkisreikningi, árið 2017 samkvæmt fjár- og fjáráukalögum).

Tímabil	Á verðlagi hvers árs				Á verðlagi ársins 2017		
	Biskup Íslands	Kristnisjóður	Samtals	Vísitala	Biskup Íslands	Kristnisjóður	Samtals
1998	590,8	35,2	626,0	183,6	1.425,2	84,9	1.510,1
1999	692,6	40,0	732,6	189,5	1.618,7	93,5	1.712,2
2000	732,2	41,2	773,4	200,1	1.620,6	91,2	1.711,8
2001	801,6	46,9	848,5	214,2	1.657,5	97,0	1.754,4
2002	914,6	47,7	962,3	223,0	1.816,5	94,7	1.911,2
2003	1.073,3	69,1	1.142,4	226,5	2.098,7	135,1	2.233,9
2004	1.143,0	65,1	1.208,1	234,6	2.157,9	122,9	2.280,8
2005	1.275,2	72,8	1.348,0	242,7	2.327,1	132,9	2.459,9
2006	1.290,3	87,3	1.377,6	263,1	2.172,1	147,0	2.319,0
2007	1.395,2	82,8	1.478,0	273,0	2.263,5	134,3	2.397,8
2008	1.478,8	89,7	1.568,5	310,0	2.112,8	128,2	2.240,9
2009	1.445,8	97,3	1.543,1	344,6	1.858,2	125,1	1.983,3
2010	1.335,2	82,2	1.417,4	363,2	1.628,2	100,2	1.728,4
2011	1.294,4	76,3	1.370,7	377,7	1.517,8	89,5	1.607,3
2012	1.425,5	74,0	1.499,5	397,3	1.589,1	82,5	1.671,6
2013	1.412,0	73,1	1.485,1	412,2	1.517,2	78,5	1.595,7
2014	1.454,9	73,1	1.528,0	422,1	1.526,6	76,7	1.603,3
2015	1.921,3	72,0	1.993,3	430,0	1.978,9	74,2	2.053,1
2016	2.115,6	166,6	2.282,2	434,9	2.154,5	169,7	2.324,2
2017	2.240,8	129,5	2.370,3	442,9	2.240,8	129,5	2.370,3
Alls	26.033,1	1.521,9	27.555,0		37.282,0	2.187,5	39.469,4

<sup>1</sup> Til frekari glöggvunar á einstaka þáttum kirkjujarðasamkomulagsins má benda á svar við fyrirspurn á 143. löggjafarþingi 2013–2014, <https://www.althingi.is/alttext/143/s/0500.html>.

2. *Hefur verið lagt mat á framtíðarskuldbindingu ríkissjóðs vegna samkomulagsins og ef svo er, hver er hún?*

Eins og fram kemur í svari við 1. tölul. fyrirspurnarinnar eru framlög samkvæmt kirkjujarðasamkomulaginu 2.370,3 millj. kr. árið 2017. Samkvæmt samkomulaginu og orðalagi þess er gert ráð fyrir að það sé árleg framtíðarskuldbinding ríkissjóðs.

3. *Liggur fyrir eitthvert mat á þeim eignum sem skiptu um hendur samkvæmt samkomulaginu með hliðsjón af þeim greiðslum sem ríkissjóður hefur innt af hendi?*

Ekki liggur fyrir mat á þeim eignum sem skiptu um hendur samkvæmt samkomulaginu með hliðsjón af þeim greiðslum sem ríkissjóður hefur innt af hendi.

Sams konar fyrirspurn var lögð fram á Alþingi á 143. löggjafarþingi til fjármála- og efnahagsráðherra, sem fer með umsýslu eigna á vegum ríkisins. Svarið var svohljóðandi hvað varðar spurninguna um mat á eignum samkomulagsins: „Við gerð samkomulags frá 10. janúar 1997, milli íslenska ríkisins og þjóðkirkjunnar um kirkjujarðir og launagreiðslur presta og starfsmanna þjóðkirkjunnar, var horft til hins ítarlega álits kirkjueignanefndar og þeirrar umfjöllunar á eignum sem þar kemur fram. Ekki var farið í sjálfstæða rannsókn eða verðmat á öllum þeim eignum sem til álita komu enda hefði þurft að rannsaka sögu hverrar landspildu eða jarðar fyrir sig, í sumum tilvikum jafnvel margar aldir aftur í tímann. Þegar forsagan lægi fyrir hefði síðan þurft að taka ákvörðun um lögfræðilega stöðu viðkomandi eignar og komast svo að sameiginlegri niðurstöðu fulltrúa ríkis og þjóðkirkjunnar hvorum megin einstakar eignir áttu að lenda og hvert væri áætlað verðmæti þeirra. Forræði þessara eigna var á hendi fleiri ráðuneyta svo sem landbúnaðar-, menntamála- og dóms- og kirkjumálaráðuneyta. Ómögulegt er því að segja til um verðmæti allra þeirra landspildna, fasteigna og jarða sem tilheyra ríkissjóði samkvæmt samkomulaginu. Þetta á bæði við um verðmæti þessara eigna á þeim tíma og virði þeirra nú.“